

# Innhelling í þvagblöðru með Gepan

Gepan inniheldur efni sem myndar verndandi lag í þvagblöðrunni og getur endurnýjað skemmdir í þekjuvef hennar. Efnið er notað við millivefjablöðrubólgu, endurteknum þvagfærasýkingum, ofvirkri þvagblöðru og krónískri bólgu í þvagblöðru eftir geislameðferð.

## Undirbúningur fyrir meðferð

Fyrir meðferð þarf sjúklingur að leysa út Gepan í apóteki Landspítala og hafa það með sér á göngudeild þvagfæra 11A.

## Meðferð

Meðferðin fer fram á göngudeild þvagfæra 11A á Hringbraut.

- Efnið er gefið einu sinni í viku í sex skipti.
- Hver meðferð tekur um 30 mínútur.
- Ef meðferðin ber árangur er oft gefin viðhaldsskammtur einu sinni í mánuði í sex mánuði.

Hjúkrunarfræðingur framkvæmir meðferðina en einnig er hægt að gefa sér lyfið sjálfur og fá til þess kennslu og stuðning. Þvagrásarop er þvegið með saltvatni og þvaglegg komið fyrir í þvagblöðrunni. Síðan er efninu sem er 40 ml af vökva sprautað inn í þvagblöðruna gegnum þvaglegginn og hann síðan fjarlægður. Til að efnið virki sem best þarf það að vera í þvagblöðrunni að minnsta kosti í 30 mínútur og því er mikilvægt að halda í sér þvagi í þann tíma.

## Aukaverkanir

Engar þekktar aukaverkanir eru af gjöf Gepan.

## Kostnaður

Greiða þarf fyrir meðferðina samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

## Símanúmer

Göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut er opin virka daga kl. 8-16, sími 543 7100. Utan dagvinnutíma má leita á bráðamóttöku í Fossvogi ef upp koma vandamál.

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja á deildina ef spurningar vakna.